

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2011
Tilvísun: UST20110300168/ksj

Lýsing á skipulagsverkefni. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2008 - 2020. Ásborgir, 28 ha í landi Ásgarðs.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar á um 28 ha svæði í landi Ásgarðs, svæði sem nær yfir íbúðasvæðið Ásborgir í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breyting á staðfestu aðalskipulagi felst í því að íbúðasvæði breytist í blandaða starfsemi íbúðasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis.

Náttúruminjar

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að nýta íbúðarhús á svæðinu sem veitinga- og/eða gistihús. Landið liggur við Sog og er kjarri vaxið hraun. Norðan við svæðið rennur Búrfellslækur sem tilheyrir svæði á náttúruminjasrá. Í skránni segir m.a. um lækinn: „Fallegir lækir í hraunjaðri í grennd við ört vaxandi sumarhúsabyggð.“

Einnig er á svæðinu kjarri vaxið hraun og nýtur hraun sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að árið 2007 kom út hjá Umhverfisstofnun skýrsla sem ber nafnið „Vernd og heimt íslenskra birkiskóga“, en skýrslan fjallar um tillögur hvað varðar vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi. Í umfjöllun um endurheimt birkiskóga segir í skýrslunni: „Við framkvæmdir ætti meginreglan að vera sú að hlífa birkiskógum við raski en sé annars ekki kostur skuli endurheimta birkiskóg í stað þess sem eytt er.“ Einnig kemur fram í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda **Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi**, að: „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti að forðast alla röskun hrauns og birkiskóga ef þess er nokkur kostur.

Uppbygging á svæðinu


Samkvæmt skipulagssjá eru nú þegar 10 hús risin á ofangreindu svæði sem breytingartillagan nær yfir. Ef af breytingartillögunni verður, mun umferð um svæðið, sérstaklega yfir

sumartímann aukast, og því eru meiri líkur á ániðslu á náttúruminum á svæðinu. Umhverfisstofnun mælir ekki gegn þeirri breytingu á landnotkun á svæðinu sem í tillögunni felst, þ.e. að íbúðasvæði að Ásborgum verði breytt í blandaða starfsemi íbúðasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis, en bendir á að gestir munu sækja í nærumhverfið og því er mikilvægt að í deiliskipulagi verði hugsað fyrir göngustígum um svæðið og stýringu á umferð ferðamanna, svo gestir geti notið umhverfisins án þess að raska náttúruminum.

Virðingarfyllt


Olafur A. Lónsson

Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

